

Skýrsla

Kristján L. Möllers samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2008

(Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010)

**Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Mars 2010**

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stofnkostnaður-fjárfestingar	4
Markaðar tekjur	5
Umferð og flutningar	7
Umfjöllun um starfsemi einstakra stofnana og fyrirtækja	9
Flugmál	9
Rekstur og þjónusta	9
Sundurliðun einstakra gjaldaliða	9
Viðhald	11
Stofnkostnaður	11
Alþjóðaflugvellir í grunnneti	11
Reykjavíkurflugvöllur	11
Akureyrarflugvöllur	12
Egilsstaðaflugvöllur	12
Grunnnet, aðrir áætlunarflugvellir	13
Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki	13
Ísafjarðarflugvöllur	14
Þingeyrarflugvöllur	14
Þórshafnarflugvöllur	14
Aðrir flugvellir og landingarstaðir	15
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	15
Siglingamál	16
Fjármál	16
Rekstur og þjónusta	18
Inngangur	18
Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi	19
Skipaæftirlit	19
Áhafnamál og skírteini	19
Hafnarríkiseftirlit	19
Áætlun um öryggi sjófarenda	20
Hafnir	20
Vegamál	20
Viðhald	23
Stofnkostnaður	24
Helstu verkefni	27
Suðursvæði	27
Suðvestursvæði	27
Norðvestursvæði	29
Norðaustursvæði	31

Inngangur

Eftirfarandi samantekt er í samræmi við 5. gr. laga um samgönguáætlun, nr. 33/2008, en þar segir „Ráðherra skal árlega leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár á undan“. Hér er lögð fram skýrsla um framkvæmd samgönguáætlunar árið 2008. Fram til þessa hafa verið lagðar fram skýrslur fyrir hverja grein samgangna fyrir sig en nú er tekin upp sú nýbreytni að gerð er grein fyrir framkvæmd allra greinanna í einni samantekt. Þetta er gert af tveimur ástæðum. Annars vegar er hér um sparnaðarráðstöfun að ræða. Með þessu fyrirkomulagi er eingöngu gefin út og lögð fram stutt samantekt um allar samgöngugreinarnar. Áður voru gefnar úr þrjár mun lengri skýrslur þar sem gerð var grein fyrir framkvæmd hvernar greinar samgangna. Í öðru lagi er hér um að ræða eðlilega þróun í rafrænni stjórnsýslu. Skýrslan sem hér er lögð fram verður, jafnframt því að vera lögð fyrir Alþingi, einnig aðgengileg á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, ásamt nákvæmum skýrslum um framkvæmd hvernar áætlunar fyrir sig. Eðli málsins samkvæmt verður stutt samantekt eins og hér er sett fram ekki eins djúp og skýrslur einstakra greina. Á móti kemur að reynt er að skapa yfirsýn yfir samgöngugreinarnar. Á heimasíðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis má finna skýrslur einstakra stofnana: <http://www.samgonguraduneyti.is/>. Þá er einnig bent á ársskýrslu Flugstöða ohf. en hún er birt á heimasíðu fyrirtækisins: <http://www.flugstodir.is/>

Skýrslan er þannig upp byggð að á eftir inngangi sem tekur til allra greinanna er fjallað um greinarnar í þessari röð:

Umfjöllun um flugmál hefst á síðu 9

Umfjöllun um Siglingamál hefst á síðu 16

Umfjöllun um Vegamál hefst á síðu 20

Útgjöld til vegamála, siglingamála og flugamála hafa verið sem hér segir undanfarin ár í milljónum króna.

	2008	2007	2006	2005
Flugmál	5.941,3	4.318,2	4.207,0	4.324,4
Siglingamál	2.477,4	1.850,1	1.626,0	1.754,4
Vegamál	31.249,9	18.493,6	13.981,2	13.443,4

Í tölum um flugmál eru meðtalin öll gjöld sem til flugmála fara á árinu 2008 og eru á sviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að Keflavíkurflugvelli undanskildum. Þann 1. janúar 2008 færðust Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvöllur til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Árið eftir, þann 1. janúar 2009, tók Keflavíkurflugvöllur ohf. til starfa en félagið sinnti m.a. þeim verkefnum sem áður var sinnt af fyrrnefndum aðilum. Fyrsta eiginlega rekstrarár einingarinnar er því 2009. Í skýrslu ársins 2009 verður gerð grein fyrir rekstri hennar. Árið 2007 er fyrsta rekstrarár Flugstöða ohf. Það ár eru afskriftir fastafjármuna félagsins taldar með í fyrsta sinn. Fram að þeim tíma eru eingöngu afskriftir vegna alþjóðafflugþjónustunnar taldar með en á hennar vegum er langmestur hluti afskrifta. Þá eru meðtaldar í eldri tölum ýmis viðskipti milli deilda Flugmálastjórnar sem síðan varð Flugstöðir ohf. og Flugmálastjórnar Íslands. Þessi breyting gerir það að verkum að tölur eru ekki sambærilegar og verður að líta á að ný byrjun skapist við skipulagsbreytinguna. Í tölum um flugmál eru innifaldar rekstartölur flugvalla, fjárfestingar o.fl.

Í tölum um útgjöld til siglingamála eru talin með öll gjöld sem falla undir verksvið Siglingastofnunar Íslands, hvort sem er til hafnamála, siglingamála, vitamála eða annarra þátta á sviði stofnunarinnar. Samkvæmt því eru í útgjaldatölum siglingamála talin með verk-

efni eins og vitar og leiðsögukerfi, Vaktstöð siglinga, skipaæftirlit, rannsóknir, framlög til hafnarmannvirkja, Landeyjahafnar og sjóvarna.

Innifalið í útgjöldum til vegamála eru öll útgjöld, svo sem rekstur og þjónusta, þ.m.t. umferðareftirlit, vetrarþjónusta, almenningssamgöngur og rannsóknir. Viðhald þjóðvega sem m.a. inniheldur endurnýjun slitlaga, styrkingar, öryggisaðgerðir og stofnkostnaður en í þeim lið eru taldar allar nýjar framkvæmdir. Á móti koma síðan tekjur vegasjóðs bensín-gjald, olíugjald og þungaskattur en nánar er gerð grein fyrir þeim liðum hér á eftir.

Þessar upplýsingar eru byggðar á skýrslum Flugstöða ohf., Siglingastofnunar og Vega-gerðarinnar.

Stofnkostnaður-fjárfestingar

Fjárfestingar ríkisins í innviðum samgangna hafa undanfarin ár verið með þessum hætti, í milljónum króna:

	2008	2007	2006	2005
Flugmál	1.579,8	506,3	539,0	629,5
Siglingamál	1.417,4	991,4	860,3	1.006,9
Vegamál	22.770,9	9.865,9	6.905,2	6.617,0
Samtals	25.768,1	11.363,6	8.304,5	8.253,4

Árið 2008 voru framlög til fjárfestinga aukin vegna samdráttar í þorskvóta.

Um flugmál er helst að taka fram að á árinu 2008 voru framkvæmdir við flugvöllinn á Akureyri í fullum gangi. Framkvæmdir við flugvelli eru að fullu fjármagnaðir af ríkinu, í þess eigu og reknir á ábyrgð þess.

Árið 2005 voru miklar framkvæmdir við hafnir Fjarðabyggðar alls um 170,2 m.kr. Árið eftir var framkvæmt þar fyrir um 115,6 m.kr. Árið 2007 var framkvæmt þar fyrir 114,2 m.kr. Árið 2008 er framkvæmt fyrir 231,6 m.kr. í Landeyjarhöfn auk þess sem 31,1 m.kr. fóru í hönnun og undirbúning vegna nýrrar Vestmannaeyjaferju. Ríkið styrkir hafnaframkvæmdir að ákveðnu hlutfalli. Hafnir eru í eigu sveitarfélaga og reknar af þeim. Framkvæði að hafnarframkvæmdum kemur í flestum tilfellum frá þeim. Hafnarframkvæmdir eru því meiri en sem nemur framlagi ríkisins því sveitarfélögin standa einnig straum af þeim. Þá er nokkuð um framkvæmdir á vegum hafna sem ekki eru styrkhæfar og eru Faxaflóahafnir nærtækasta dæmið um slíkar hafnir. Í þessari samantekt er fjallað um ríkisstyrki til hafnaframkvæmda og sjóvarna.

Af framlögum til vegafamkvæmda 2005 bar hæst 1.200 m.kr. til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni voru tvöföldun Hringveggar frá Víkurvegi að Skarhólabraut, 543 m.kr., tvöföldun Reykjanesbrautar frá Lækjargötu að Kaldárselsvegi, 179 m.kr., breikkun gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, 342 m.kr. og færsla Hringbrautar, 576 m.kr. Af 2.008 m.kr., þ.a. 300 m.kr. aukafjárveitingu, til framkvæmda á landsbyggð var helst unnið við göng undir Almannaskarð, 506 m.kr., Hringveg um Svínahraun 448 m.kr., Hringveg um Stafholtstungur, 221 m.kr., Suðurstrandarveg frá, Grindavík að Þorlákshafnarvegi, 124 m.kr., Hálsasveitarveg frá Stóra-Ási að Húsafelli 98 m.kr. og Djúpveg frá Kleifum að Hesti, 122 m.kr. Þá fóru 1.200 m.kr. til jarðgangagerðar, þ.e. til Fáskrúðsfjarðarganga.

Árið 2006 var 1.234,0 kr. varið til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni voru mislæg gatnamót Hringveggar og Nesbrautar fyrir 443 m.kr., tvöföldun Hringveggar frá Víkurvegi að Skarhólabraut, 148 m.kr., framkvæmdir við Reykjanesbraut frá Laugarnesvegi til Dalbrautar (Sæbraut), 170 m.kr., tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fifuhvamsvegi til Kaplakrika, 1.099 m.kr., færsla Hringbrautar, 98 m.kr., Hallsvegur 112 m.kr. Til framkvæmda

á landsbyggð fóru 1.759,0. Helstu verkefni voru Suðurstrandarvegur frá Grindavík til Þorlákshafnarveggar, 187 m.kr., breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi til Víknavegar, 672 m.kr., Krýsuvíkurvegur frá Reykjanesbraut að Vatnsskarði, 105 m.kr., Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði, 247 m.kr., Vestfjarðavegur um Svínadal, 344 m.kr., Þverárfjallsvegur frá Skagavegi að Sauðárkróki, 299 m.kr., Norðausturvegur um Laxá hjá Laxamýri, 121 m.kr. Það ár fóru 725,0 m.kr. til jarðagangaáætlunar, þ.e. til Héðinsfjarðarganga og ganganna milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Árið 2007 var veitt 1.002,0 m.kr. til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni voru gerð gatnamóta á Hafnarfjarðarveg við Nýbýlaveg, 214 m.kr., framkvæmdir við Reykjanesbraut frá Laugarnesvegi að Dalbraut (Sæbraut), 78 m.kr., tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvamsvegi að Kaplakrika, 502 m.kr. Þá fóru 3.300,0 m.kr. til framkvæmda á landsbyggð. Helstu verkefni voru hringtorg á Hringveg við Þingvallaveg, 151 m.kr., breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Víknavegi, 681 m.kr., framkvæmdir við Hringveg um Stafholtstungur, 154 m.kr., Hringvegur um Hrútafjörð, 84 m.kr., Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði, 572 m.kr., Vestfjarðavegur frá Skálanesi að Eyri, 240 m.kr., framkvæmdir við Djúpveg frá Eyri að Svansvík, 217 m.kr., Djúpvegur frá Reykjanesi að Hörtná, 887 m.kr., Tröllatunguvegur frá Vestfjarðavegi að Djúpvegi, 313 m.kr., Þverárfjallsvegur frá Skagavegi að Sauðárkróki, 423 m.kr., Hringvegur frá Ármótaseli að Skjöldólfsstöðum, 134 m.kr., Norðausturvegur frá Presthólum að Kópaskeri, 172 m.kr. Framlag til jarðganga árið 2007 var 1.750,0 m.kr. og rann til Héðinsfjarðarganga.

Árið 2008 var varið 3.445,0 m.kr. til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. 5.678,0 m.kr. var varið til framkvæmda á landsbyggð og 3.456,0 m.kr. til jarðganga. Af framlögum til jarðganga fóru 1.280,0 m.kr. til Bolungarvíkurganga og 2.072,0 m.kr. til Héðinsfjarðarganga. Nánar er fjallað um framkvæmdir þess árs í sérstökum kafla um vegamál.

Markaðar tekjur

Markaðar tekjur stofnananna hafa breyst með þessum hætti undanfarin ár, tölur í milljónum króna:

	2008	2007	2006	2005
Vegamál:				
Bensíngjald	6.834	7.220	6.935	6.363
Þungaskattur	1.214	1.195	1.013	3.196
Olíugjald	6.065	6.096	5.540	1.697
Annað	13	14	6	10
Alls	14.126	14.525	13.494	12.085
Siglingamál:				
Vitagjald	145,6	130,2	126,7	135,2
Flugmál:				
Varaflugvallagjald	513	559	516	444
Flugvallaskattur utanfl.	328	357	330	283
Flugvallaskattur innanfl.	155	158	141	137
Alls	996	1.074	987	864
Samtals	15.267,6	15.729,2	14.607,7	13.084,2

Markaðar tekjur hafa aukist um tæp 17% frá 2005 til 2008. Vitagjald hefur hækkað minnst eða um tæp 8% en tekjur hinna stofnananna hafa hækkað um tæp 17%.

Tekjur vegamála eru nær eingöngu markaðar tekjur vegasjóðs. Þessar tekjur renna til viðhalds, framkvæmda, þjónustu og fleiri liða. Fyrir kemur að til málaflokksins renni einnig framlög úr ríkissjóði.

Tekjur til siglingamála eru, auk vitagjaldsins, ýmsar tekjur Siglingastofnunar fyrir þjónustu sem stofnunin veitir. Framlög til siglingamála eru að stærstum hluta beinir ríkisstyrkir.

Framlög til flugmála eru auk markaðra tekna bein framlög úr ríkissjóði og gjöld fyrir þjónustu eða notkun mannvirkja eins og landingargjald.

Fróðlegt er að bera saman gjöld af bifreiðaeigendum og framlög til vegamála í milljónum króna. Taflan er byggð á upplýsingum frá fjármálaráðuneyti auk talna frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

	2008	2007	2006	2005
Vörugjald af ökutækjum	6.826	11.208	10.083	10.391
Vörugjald af bensíni almennt	1.904	1.948	2.060	2.356
Vörugjald af bensíni sérstakt	6.833	7.220	6.935	6.342
Oliugjald	5.921	6.224	5.560	1.703
Bifreiðagjald	4.701	4.435	4.110	3.665
Pungaskattur	0	-5	-34	3.918
Kílómetragjald	1.028	1.347	1.205	657
Samtals	27.213	32.376	29.919	29.032
Framlög til vegamála	31.250	18.494	13.981	13.443

Eins og sjá má eykst framlag til vegamála frá því að vera innan við helmingur af því sem aflað er frá bifreiðaeigendum upp í það að vera umfram þá gjaldtöku árið 2008. Hafa verður í huga að ekki er gerð grein fyrir öllum gjöldum af bifreiðaeigendum og má nefna að vörugjöld af varahlutum eru ekki talin með, né heldur virðisaukaskattur af eldsneyti, bifreiðum og varahlutum.

Þá er ástæða til að gefa sérstakan gaum að auknum framlögum til viðhalds vega en sá kostnaðarliður hefur vaxið umtalsvert. Séu bornir saman fjórir helstu viðhaldspættirnir kemur eftirfarandi í ljós:

	2008	2007	2006	2005
Endurnýjun bundins slitlags	1.574,5	1.129,7	1.043,8	1.003,0
Endurnýjun malarslitlaga	490,0	240,0	226,0	224,0
Styrkingar og endurbætur	956,0	890,0	808,0	780,0
Brýr, varnargarðar og veggöng	406,0	290,0	266,0	248,0
Samtals	3.426,5	2.549,7	2.343,8	2.255,0

Eins og sjá má aukast framlög til þessara fjögurra viðhaldsliða úr 2.255,0 m.kr. í 3.426,5 m.kr. eða um næstum 52%. Mikill hluti vegakerfisins er með burðarlag frá því upp úr 1980. Því er kominn tími til að endurnýja það. Þá hefur umferð aukist mikið og þyngri bílar fara um vegina en áður var. Þá hefur viðhald tengi- og safnvega aukist mikið.

Umferð og flutningar

Farþegafjöldi um flugvelli hefur verið með þessum hætti frá 2005 til 2008. Tölur um póst- og vöruflutninga eru í tonnum.

	2008	2007	2006	2005
Reykjavík	463.889	471.372	420.047	382.016
Akureyri	221.759	221.200	201.957	179.862
Vestmannaeyjar	52.189	48.882	47.523	50.490
Egilsstaðir	120.223	157.643	150.748	126.895
Ísafjörður	51.791	50.314	44.604	45.682
Aðrir flugvellir	54.628	55.137	51.450	53385
Samtals	964.479	1.004.548	916.329	838.330
Póstur og vöru – allir flugv.	2.678	3.564	2.870	3.320

Eins og sjá má hafa flutningar um flugvelli aukist á tímabilinu. Heildaraukningin er rúmlega 15%. Aukning milli árana 2005 og 2007 er þó meiri eða tæplega 18%. Samdráttur milli árana 2007 og 2008 skýrist af minni flugumferð um Egilsstaðaflugvöll en á þessum tíma er farið að gæta minni umferðar starfsmanna við virkjunarframkvæmdir. Vöru- og póstflutningar hafa minnkað í allmörg ár en póstflutningar hafa að mestu flust á vegi nema til staða eins og Vestmannaeyja og Grímseyjar. Sveiflur árana 2005-2008 skýrast að mestu leyti af mismunandi flutningum vegna námuvinnslu á Grænlandi en þeir fóru um Akureyrarflugvöll.

Vöruflutningar um hafnir landsins hafa verið með þessum hætti árin 2005 til 2008, í tonnum:

	2008	2007	2006	2005
Reykjavík	1.831.308	2.042.161	2.273.921	2.287.385
Grundartangi	1.254.269	1.393.942	1.012.106	909.034
Akureyri	153.616	128.821	146.269	137.411
Neskaupstaður	107.855	113.103	105.539	107.686
Reyðarfjörður	1.238.311	407.918	519.825	305.444
Vestmannaeyjar	125.481	110.565	114.700	156.137
Þorlákshöfn	86.709	115.382	98.670	118.702
Reykjaneshöfn	251.469	333.426	164.928	118.469
Straumsvík	698.776	662.540	594.287	634.537
Hafnarfjörður	321.121	251.121	212.443	209.323
Aðrar hafnir	502.096	588.312	670.831	800.125
Samtals	6.571.011	6.147.291	5.913.519	5.784.253

Flutningar um hafnir jukust um 13,6% frá 2007 til 2008. Mesta athygli vekur samdráttur í flutningum um Reykjavíkurböfn en hann skýrist af minni flutningum á olíu og iðnaðarvörum. Heildarflutningar hafa aukist á tímabilinu vegna meiri flutninga um Grundartangahöfn og Reyðarfjörð hvorutveggja vegna stóriðju.

Afli sem barst á land í höfnum landsins árin 2005 – 2008 var, í tonnum.

	2008	2007	2006	2005
Neskaupstaður	210.091	216.511	244.101	208.269
Vestmannaeyjar	195.272	199.046	196.571	218.341
Eskifjörður	101.934	110.558	112.525	177.017
Reykjavík	101.224	100.092	89.582	87.677
Seyðisfjörður	93.299	78.223	83.881	138.826
Vopnafjörður	84.604	93.594	77.379	106.734
Hornafjörður	72.867	73.422	44.360	58.928
Þórshöfn	63.014	61.547	32.854	59.268
Fáskrúðsfjörður	56.702	60.560	55.499	92.522
Grindavík	46.011	63.702	52.636	69.116
Aðrar hafnir	332.963	412.027	414.469	564.064
Samtals	1.357.981	1.469.282	1.403.856	1.780.762

Akstur hefur breyst með þessum hætti á sama tímabili, tölur eru í m.km.

	2008	2007	2006	2005
Akstur alls	3047	3.127	2.977	2.807
Tonnkílómetrar	805	825	786	741
Stofn- og tengivegir	2.183	2.227	2.080	1.945

Akstur tengist að miklu leyti almennu efnahagsástandi í hverju þjóðfélagi. Eins og sjá má hefur akstur aukist nokkuð á tímabilinu en hér var góðæri fram á árið 2008. Sé farið aftur til ársins 2001 hafa eknir kílómetrar aukist úr 2.400 m.km og tonnkílómetrar úr 750 m. Til ársins 2007 er það um 30% aukning í eignum kílómetrum.

Umfjöllun um starfsemi einstakra stofnana og fyrirtækja

Flugmál

Rekstur og þjónusta

Flugstoðir ohf. tóku til starfa 1. janúar 2007 og tóku þá yfir flugleiðsögubjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Samgönguráðuneytið og Flugstoðir gerðu milli sín þjónustusamning til tveggja ára um rekstur flugleiðsögubjónustu og flugvalla og er endurgjald þjónustusamningsins greitt úr ríkissjóði og af mörkuðum tekjum til flugmála. Umsamið endurgjald vegna reksturs fyrir árið 2008 var 1.332,2 millj. kr. og skiptist þannig:

	Millj. kr.
Flugleiðsögubjónusta, þ.m.t. hlutur ríkisins í Alþjóðaflugbjónustunni	323,3
Rekstur flugvalla og fl.	1.008,9

Sem opinbert hlutafélag gefa Flugstoðir ohf. út ársskýrslu en í henni er ársreikningur félagsins, ýmsar lykiltölur, sem og yfirlit yfir starfsemi félagsins.

Heildar rekstrartekjur félagsins á árinu 2008 námu 3.821,8 millj. kr. og heildar rekstrargjöld námu 3.868,6 millj. kr. Rekstrartap félagsins var því 46,8 millj. kr. Hagnaður félagsins fyrir áhrif dótturfélaga nam 99,2 millj. kr.

Sundurliðun einstakra gjaldaliða

Flugstoðir ohf. reka fjölda flugvalla og landingarstaða á landinu. Flugstoðir reka hvern flugvöll sem sérstaka einingu og bókfæra kostnað eftir því hvar hann fellur til. Á móti kostnaði koma tekjur samkvæmt þjónustusamningi og eru þær greindar niður á hvern stað. Tafla 2 hér á eftir sýnir þessa skiptingu. Til viðbótar eru tekjur af landingar-, vopnaleitar- og stæðisgjöldum sýndar í aftasta dálki. Rétt er að geta þess að tekjur flugvallanna eru ekki tæmandi þar sem leigutekjur og tekjur af verksölu eru ekki sýndar. Gjöld flugvallanna falla til vegna almenns rekstrar, t.d. eftirlits með flugbrautum, turnþjónustu, snjómoksturs, slökkviþjónustu, umsjónar og viðhalds fasteigna og fl.

Til viðbótar ofangreindum kostnaði flugvallanna fellur til kostnaður vegna flugleiðsögu, stjórnunar og fleira.

Þús. kr.	Gjöld	Tekjur þjónustusamn.
Flugvalla- og flugleiðsögusvið, miðlægt	368.503	157.873
Flugstjórnardeild, flugleiðsaga innanlands	202.071	163.299

Gjöld flugvalla- og flugleiðsögusviðs falla til vegna gæðastjórnunar, flugverndar og öryggismála, umsjón með flugleiðsögubúnaði auk stjórnunar flugvallakerfisins. Gjöld flugstjórnardeildar felast í flugleiðsögu innanlands.

Eftirfarandi tafla sýnir kostnað eftir einstökum flugvöllum og landingarstöðum:

Tafla 2 Kostnaður og tekjur á flugvöllum 2008 (þús. kr.)

Flugvellir:	Kostnaður	Tekjur þjónustu- sammings	Tekjur landingar- vopnaleitar- og stæðisgj.
Reykjavíkurlflugvöllur	453.139	304.368	72.131
Lendingarstaðir Suðvesturland	3.520	3.780	0
Sandskeið	2.693	432	0
Stóri-Kroppur	34	0	0
Stykkishólmsflugvöllur	2.721	1.488	5
Rífsflugvöllur	2.356	2.352	0
Vestmannaeyjaflugvöllur	97.288	84.384	5.191
Bakkaflugvöllur	20.955	18.360	1.438
Helluflugvöllur	3.005	2.280	0
Selfossflugvöllur	1.954	1.848	0
Sjúkraflugvellir Vestfjörðum	466	348	0
Ísafjarðarflugvöllur	75.013	60.972	4.107
Patreksfjarðarflugvöllur	3.127	1.704	0
Hólmavíkurlflugvöllur	945	1.044	0
Gjögursflugvöllur	10.283	7.068	127
Bildudalsflugvöllur	15.462	12.192	651
Þingeyrarflugvöllur	11.056	9.564	94
Sjúkraflugvellir Norðurlandi	872	1.488	0
Blönduósflugvöllur	2.713	2.460	0
Sauðárkróksflugvöllur	20.536	15.456	662
Siglufjarðarflugvöllur	3.915	3.228	21
Akureyrarflugvöllur	243.480	181.476	21.997
Húsavíkurlflugvöllur	6.354	7.440	73
Þórshafnarflugvöllur	12.495	10.416	326
Raufarhafnarflugvöllur	1.749	2.172	0
Kópaskersflugvöllur	286	528	0
Grimseyjarflugvöllur	12.612	9.708	404
Sjúkraflugvellir Austurlandi	498	600	0
Egilsstaðaflugvöllur	148.389	104.412	10.025
Hornafjarðarflugvöllur	28.571	23.940	1.066
Norðfjarðarflugvöllur	3.759	4.848	46
Vopnafjarðarflugvöllur	12.034	11.460	382
Breiðdalsvíkurflugvöllur	776	912	0
	1.203.056	892.728	118.746

Eins og sést á töflunni er kostnaður við rekstur flugvalla um 1.203 millj. kr. Kostnaður við rekstur alþjóðaflugvallanna þriggja: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvalla nemur um 843 millj. kr. sem er 70% af heildarkostnaði við rekstur kerfisins. Þess ber að geta að kostnaður við rekstur Keflavíkurlflugvallar er ekki talinn með í þessum samanburði.

Viðhald

Yfirborð brauta og hlaða. Undir þennan lið fellur allt yfirborðsviðhald flugbrauta og flughlaða sem hafa bundið slitlag, þ.e. malbik eða klæðing og yfirborðsmerkingar.

Helstu verkefni voru á eftirtöldum flugvöllum: Reykjavík, Egilsstöðum, Ísafirði, Bíldudal, Sauðárkróki, Vopnafirði, Stóra-Kroppi og Bakka.

Byggingar og búnaður. Undir þennan lið fellur allt meiriháttar viðhald bygginga sem fram fer sjaldnar en árlega. Stærstu verkefni sem falla undir þennan lið voru nokkrar endurbætur á byggingum og hliðum á Reykjavíkurflugvelli. Kostnaður við endurbæturnar nam 9,2 millj. kr. Kostnaður vegna viðhalds bygginga og girðinga á Vestmannaeyjaflugvelli nam 8 millj. kr. og viðhald vegna innritunaraðstöðu á Egilsstaðaflugvelli 5,3 millj. kr. Önnur verkefni voru minniháttar og dreifðust nokkuð jafnt á umdæmin.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun viðhalds borna saman við ráðstöfunarfé ársins 2008:

Tafla 3 Sundurliðun viðhalds borin saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé	Bókfærður
	2008	kostn. 2008
Yfirborð brauta og hlaða	60,2	55,1
Byggingar og búnaður	35,1	27,3
Ýmis verk v/flugleiðsögu og tæknibúnaður	4,2	4,3
Samtals:	99,5	86,7

Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar. Alls voru fjárveitingar samkvæmt áætlun ársins 2008, 4,2 millj. kr., en bókfærður kostnaður á árinu nam 4,3 millj. kr. Helstu verkefni voru kaup á upptökutækjum og öðrum tæknibúnaði.

Stofnkostnaður

Alþjóðaflugvellir í grunnneti

Reykjavíkurflugvöllur

Flugbrautir og hlöð. Árið 2008 var samkvæmt viðauka þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010 fjárveiting vegna byggingar flughlaðs við fyrirhugaða samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli að upphæð 450 millj. kr. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um byggingu eða staðsetningu samgöngumiðstöðvarinnar þannig að af þessari framkvæmd hefur ekki orðið.

Þá var einnig í viðaukanum fjárveiting að upphæð 65 millj. kr. til að koma upp aðstöðu til bráðabirgða fyrir flugrekanda sem hugðist hefja innanlandsflug frá Reykjavíkurflugvelli, en flugrekandinn hefur enn ekki staðfest að hann muni hefja þennan rekstur og var því ekki ráðist í þetta verkefni.

Framkvæmdum við flughlað sunnan við flugskýli nr. 1 hefur verið frestað um sinn og hefur fjármagni sem var á þessum lið verið ráðstafað annað í samráði við ráðuneytið.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Á árinu 2008 var lokið við að setja þröskuldsljós við flugbraut 13, en eftir er að framlengja blikkljós í aðflugslínu út að Örfirisey. Um er að ræða tæknilega örðugleika sem unnið er við að leysa. Einnig var lokið á árinu 2008 kaupum og uppsetningu á fjarlægðarmælivita og ATIS. Þá var unnið áfram að veðurrannsóknum á Hólmsheiði og undirbúningi að ókyrrðarmælingum yfir svæðinu sem munu hefjast fyrri hluta árs 2009.

Á árinu 2008 var áfram unnið að skipulagstillögum til að freista þess að fá samþykkt deiliskipulag sem hægt yrði að vinna eftir og gera framtíðaráætlanir fram til ársins 2016.

Tafla 4 Sundurliðun, alþjóðaflugvellir í grunnneti, bornir saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Reykjavíkurlflugvöllur	582,7	20,2
Akureyrarflugvöllur	1.783,5	1.136,8
Egilsstaðaflugvöllur	115,9	95,1
Samtals alþjóðaflugvellir í grunnneti	2.482,1	1.252,1

Akureyrarflugvöllur

Flugbrautir og hlöð. Lokið var á árinu 2008 við gerð akbrauta og flughlaða sunnan við flugstöð og vestan við tækjageymslur. Þá var einnig lokið við gerð akbrautar til suðurs frá flughlaði að Flugminjasafni og vegi og plön utan girðingar.

Frankvæmdir við lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli til suðurs hófust á árinu 2008. Verkefnið var boðið út í tvennu lagi, annars vegar jarðvinna og hins vegar malbikun þ.e. yfirilag á eldri hluta flugbrautarinnar sem lauk á árinu. Lokið var við gerð endaöryggissvæðis á norðurenda flugbrautarinnar.

Einnig var unnið við uppsetningu tækja vegna flugleiðsögu og var það verk að mestu unnið af starfsmönnum Flugstöða.

Fjárveiting á árinu 2008 til þessara verkefna var samkvæmt viðauka þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árið 2008 að upphæð 1.145 millj. kr. sem skiptist þannig að 280 millj. kr. voru vegna malbiksviðhalds og 865 millj. kr. vegna lengingar til suðurs og gerðar endaöryggissvæðis við norðurenda flugbrautarinnar. Annað framkvæmdafé til verkefnisins kom af fjárveitingum fyrri ára.

Byggingar. Á árinu 2008 var hafin vinna við þarfagreiningu og að frumhugmyndum á stækun flugstöðvarinnar í samstarfi með tveimur arkitektastofum.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Unnið var við þéttingu eltiljósa. Þá var einnig lokið við uppsetningu á nýjum fjarlægðarmælivita við Hvamm í Eyjafjarðarsveit. Ennfremur er unnið að hindranaljósum, búið að smíða búnaðinn og kaupa ljósin, en eftir er að setja þau upp. Lokið var við frágangsvinnu á nýjum NDB-vita á Oddeyrinni. Einnig var unnið á árinu við aðflugsathuganir og hönnun nýrra aðfluga fyrir flugvöllinn. Þá var einnig lokið við uppsetningu nýs fjölstefnuvita (VOR) á Vaðlaheiði og var búnaðurinn tekinn í notkun á árinu.

Keypt var ný varaafstöð fyrir flugvöllinn og var unnið við frágang á húsnæði sem hýsir varaafstöðina ásamt spennistöð.

Egilsstaðaflugvöllur

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2008 var hafin gerð endaöryggissvæðis við norðurenda flugbrautarinnar. Lokið var við útgröft og fyllingu og sett farg á svæðið sem mun standa fram á haustið 2009 til að kalla fram sig áður en endanlegum frágangi svæðisins lýkur. Farginu verður síðan jafnað út til hliðanna í hliðaröryggissvæðin. Þar með verður endaöryggissvæðið tilbúið undir malbik, ef það verður ákveðið síðar, en endaöryggissvæðið gæti þannig nýst til flugtaks til suðurs sem myndi lengja flugtaksvegalegdina um 150 m sem væri mjög til bóta fyrir stærri og þyngri flugvélar. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda.

Frankvæmdum á bilastæðum við flugstöð var frestað og færðar til ársins 2009.

Byggingar. Byggður var á árinu 2007 nýr 420 m² komusalur við flugstöðina á Egilsstöðum. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda sem var verktakafyrirtækið Smiðir ehf. Búið er að taka komusalinn í notkun en ýmsar breytingar og endurbætur á eldri hluta flugstöðvarinnar voru unnar á árinu 2008. Verkinu er lokið og varð heildarkostnaður samtals 177,1 millj. kr.

Lokið var á árinu við að ganga frá útsogi í vélageymslu vegna útblásturs slökkvibifreiðar sem er gangsett innandyra fyrir útkall. Verkið var unnið að mestu af starfsmönnum Flugstöða.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Ráðgert var á árinu 2008 að setja upp aðflugsljós við suðurenda flugbrautarinnar. Vegna skipulagsbreytinga hjá sveitarfélaginu og hugmynda um að lengja flugbrautina til suðurs ásamt fyrirhugaðri færslu þjóðvegarsins sem tæki mið af lengingu flugbrautarinnar þótti ekki fært að hefja uppsetningu ljósanna að svo stöddu eða ekki fyrr en niðurstöður skipulags og lengingar liggja fyrir. Hluti búnaðarins hefur þegar verið keyptur og bíður í geymslu.

Unnið var á árinu við frágang á fjarlægðarmælivita (DME) og er því verkefni lokið. Flutningi á radióvita (NDB) frá Breiðavaði í Mýnes lauk á árinu.

Einnig var lokið við uppsetningu og frágangi á vararafstöð sem hófst árið 2007. Verkið var að mestu unnið af starfsmönnum Flugstöða.

Grunnnet, aðrir áætlunarflugvöllir

Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki

Tafla 5 Sundurliðun, grunnnet, aðrir áætlunarflugv., bornir saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki		
1. Flugbrautir og flughlöð	1,5	1,5
2. Byggingar	0,0	0,0
3. Aðflugs- og öryggisbúnaður	38,2	39,8
Samtals	39,7	41,3
Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri		
1. Flugbrautir og flughlöð	0,4	0,1
2. Byggingar	0,0	0,0
3. Aðflugs- og öryggisbúnaður	63,9	32,3
Samtals	64,3	32,4
Þingeyrarflugvöllur		
1. Flugbrautir og flughlöð	0,2	0,2
2. Byggingar	31,8	24,2
3. Aðflugs- og öryggisbúnaður	1,5	0,3
Samtals	33,5	24,7
Þórshafnarflugvöllur		
1. Flugbrautir og flughlöð	0,0	0,0
2. Byggingar	0,0	0,0
3. Aðflugs- og öryggisbúnaður	3,0	0,1
Samtals	3,0	0,1
Samtals grunnnet, aðrir flugvöllir	140,5	98,5

Flugbrautir og hlöð. Vinna við lagfæringar á öryggissvæðum hófst á árinu 2007, en lauk ekki fyrr en haustið 2008. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda. Lagfærð voru svæðin vestan og sunnan brautarmóta þannig að þau uppfylla nú kröfur reglugerðar fyrir sjónflugsflugvöll.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Verulegar framkvæmdir voru við ýmsan ljósabúnað á flugvælinum á árunum 2007 og 2008. Aðflugsljós (PAPI) voru endurnýjuð, sett voru upp eltiljós við enda flugbrautar 13 og brautarendaauðkennisljós voru sett á alla flugbrautarenda. Jarðvinna vegna ljósabúnaðarins var hluti af útboðsverki öryggissvæðanna, en uppsetning og tengivinna var unnin af rafvirkjum Flugstoða og starfsmönnum flugvallarins. Þetta verk er enn í vinnslu, en lýkur á árinu 2009. Ráðstöfunarfé vegna verksins var á árinu 2008 20,3 millj. kr., en kostnaður varð 26,6 millj. kr. á árinu.

Þá var einnig á árinu 2008 lokið við endurnýjun á fjarlægðarmælivita (DME) sem er staðsettur á Sæfelli.

Keypt var nýtt veðurkerfi fyrir Vestmannaeyjaflugvöll á árinu og er verkefninu lokið. Til ráðstöfunar voru 11,8 millj. kr. en kostnaður við verkefnið varð 14,8 millj. kr.

Ísafjarðarflugvöllur

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Ákveðið hefur verið að flugbrautarljós og búnaður þeirra verði endurnýjaður. Verkefnið hófst ekki fyrr en liðið var seint á árið 2008, en útboðsferill og samningar við verktaka tók mun lengri tíma en reiknað var með, vegna höfnunar á tilboði lægstbjóðanda, sem ekki þótti traustvekjandi en verkefnið er mjög vandasamt og þörf á mikilli samvinnu vegna flugöryggis. Samið var við verktakann sem átti næst lægsta tilboðið en þegar komið var að framkvæmdum var það langt liðið á árið að birtutími var ekki nægur til að vinna verkið af öryggi. Framkvæmdir við það frestast því til ársins 2009 og ráðgert að þeim ljúki fyrir haustið. Til ráðstöfunar í þetta verkefni voru 46,0 millj. kr. á árinu 2008, en unnið var fyrir 14,8 millj. kr. á árinu við hönnun, gerð útboðsgagna og annan undirbúning.

Á árinu 2008 var keypt nýtt veðurkerfi fyrir Ísafjarðarflugvöll sem verður sett upp sumarið 2009. Til ráðstöfunar í þetta verkefni voru 8,8 millj. kr. á árinu en kostnaður varð 9,0 millj. kr.

Þá var einnig á árinu 2008 endurnýjaður fjarlægðarmælivitinn (DME) í Ögri við Ísafjarðardjúp. Ráðstöfunarfé á árinu var 8,9 millj. kr. og kostnaður 8,6 millj. kr.

Þingeyrarflugvöllur

Byggingar. Hafin var bygging vélageymslu á árinu 2008 á Þingeyrarflugvelli. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda. Áætlað er að verkinu ljúki vorið 2009. Til ráðstöfunar vegna byggingar vélageymslunnar voru á árinu 31,8 millj. kr. en kostnaður á árinu varð 24,2 millj. kr.

Þórshafnarflugvöllur

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Á árinu 2008 var ráðgert að flytja gömlu vararafstöðina á Egilsstaðaflugvelli til Þórshafnar og nota þar gáminn sem vararafstöðin var staðsett í á Egilsstöðum. Við nánari athugun kom í ljós að gámurinn var ekki nothæfur lengur og var því verkinu frestað til næsta árs og viðbótarfjármagn fengið til að koma upp aðstöðu fyrir rafstöðina. Ráðstöfunarfé á árinu var 3,0 millj. kr. en kostnaður 0,1 millj. kr.

Aðrir flugvellir og landingarstaðir

Tafla 6 Sundurliðun annarra flugvalla og landingarst. borin saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé	Bókfærður
	2008	kostn. 2008
1. Flugbrautir og hlöð	55,3	53,7
2. Byggingar	4,0	0,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2,1	2,4
Samtals:	61,4	56,2

Flugbrautir og hlöð. Endurnýjuð voru ný malarslitlög á flugbrautunum á Rauфарhöfn, Kópaskeri og Breiðdalsvík. Undirbúningur var hafinn að endurnýjun malarslitlaga á flugbrautunum á Norðfirði og Reykhólum, en framkvæmdir eru ráðgerðar á árinu 2009. Ennfremur fór fram viðgerð á ölduvörn á Patreksfjarðarflugvelli.

Á Stóra-Kroppi voru framkvæmdir við gerð akbrauta og flughlaðs. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda. Kostnaður á árinu 2008 nam 17,4 millj. kr. og ráðgert er að verkinu ljúki á árinu 2009.

Veittur var styrkur að upphæð 7,0 millj. kr. fyrir tilstuðlan ráðuneytisins til flugklúbbsins Kára í Borgarnesi vegna viðhalds á flugbrautinni og 2,5 millj. kr. til varnargarða vegna flugbrautarinnar í Reykjarfirði.

Byggingar. Gert var ráð fyrir á árinu 2008 að koma upp aðstöðu fyrir flugmenn og flugkennara á Stóra-Kroppi, en verkefninu varð að fresta til ársins 2009 þegar framkvæmdum við flughlaðið lýkur.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Lokið var við uppsetningu á veðurstöð á Sandskeiði. Einnig var lokið við uppsetningu á veðurbúnaði á Sauðárkróksflugvelli.

Önnur mannvirki, búnaður og verkefni

Flugstjórnarmiðstöð. Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í hinum ýmsu framkvæmdum á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Á árinu 2008 var þessi kostnaður 15,0 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir ýmsan stofnkostnað, búnað og verkefni:

Tafla 7 Sundurliðun, önnur mannvirki og verkefni borin saman við ráðstöfunarfé 2008

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé	Bókfærður
	2008	kostn. 2008
Flugstjórnarmiðstöð	15,0	15,0
GPS/AIS/upplýsingaþjónusta	14,7	11,8
Flugvernd og öryggismál	19,8	20,2
Veðurupplýsingakerfi	1,5	1,7
Stjórnunarkostnaður	28,0	28,0
Þróun og frumáætlanir	10,0	9,6
Samtals:	89,0	86,3

GNSS/AIS/upplýsingaþjónusta. Áfram var unnið á árinu 2008 við endurbætur á gæðakerfi upplýsingaþjónustunnar, kortagerð og AIP handbók ásamt GPS mælingum. Aðflugshönnunarhugbúnaðurinn PDToolkit var keyptur á árinu 2007 og settur upp hjá aðflugshönnuðum, en þeir luku á árinu 2008 námskeiðum vegna meðferðar á búnaðinum.

Flugvernd og öryggismál. Á árinu 2008 var áfram unnið að ýmsum flugverndar- og öryggismálum á millilandaflugvöllum og til þess varið 20,2 millj. kr. Helstu verkefni voru áframhaldandi innleiðing flugverndarráðstafana á millilandaflugvöllum í Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum með hliðsjón af breyttum og auknum kröfum reglugerðarverks Evrópusambandsins. Unnið var á árinu að frekari þróun aðgangsstjórnunarkerfis og útfærslu vopnaleitarbúnaðar á alþjóðaflugvöllum. Þá var einnig unnið að frekari innleiðingu þjálfunarbúnaðar vegna vopnaleitar. Gerðar voru nokkrar breytingar á hliðbúnaði á Reykjavíkurflugvelli.

Veðurupplýsingakerfi. Flugkerfi ehf. unnu á árinu 2008 áfram að lagfæringum á hugbúnaði miðlæga veðurupplýsingakerfisins sem safnar öllum veðurgögnum á miðlæga tölvu til framtíðargreiningar.

Þróun og frumáætlanir. Frumkostnaðaráætlanir vegna samgönguáætlana framtíðarinnar eru fjármagnaðar með þessum lið. Þessum lið tilheyra ýmsar athuganir, kannanir og hönnun t.d. á skipulagsreglum, hindranaflötum, tillögum að deiliskipulagi, umferðarspám, könnun á ferðavenjum og þróun forrita. Þannig er þróun á “Byggingarstjóranum” fjármögnuð, en það er forrit sem heldur utan um viðhaldsverkefni á byggingum.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframkvæmda- og viðhaldskostnað árið 2008:

Tafla 8 Stofnkostnaður, viðhald og annar kostnaður árið 2008

Verkefnaflokkur (millj. kr.)	Ráðstöfunarfé 2008	Bókfærður kostn. 2008
Stofnkostnaður, alþjóðaflugvellir í grunnnet	2.482,1	1.252,1
Stofnkostnaður, aðrir flugvellir í grunnneti	140,5	98,5
Stofnkostnaður, önnur mannvirki	89,0	86,3
Viðhald	99,5	86,7
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	61,4	56,2
Samtals:	2.872,5	1.579,8

Siglingamál

Fjármál

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2007–2010, tölum úr fjárlögum og fjáráaukalögum fyrir árið 2008 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2008. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	Samgönguáætlun 2007-2010 2008 *	Fjárheimildir 2008 **	Rauntölur 2008
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Vitagjald	133,0	133,0	145,6
Markaðar tekjur alls	133,0	133,0	145,6
Framlag úr ríkissjóði	2.857,8	2.925,2	2.925,2
Aðrar ríkistekjur:			
Vottorð	1,3	1,3	1,8
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,3	0,8
Aðrar ríkistekjur alls:	2,6	2,6	2,6

	Samgönguáætlun 2007-2010 2008 *	Fjárheimildir 2008 **	Rauntölur 2008
Sértekjur	175,5	175,5	291,3
Tekjur og framlög alls:	3.168,9	3.236,3	3.364,7
Viðskiptahreyfingar:			
Frá Hafnabótasjóði	11,8	0,0	0,0
Til ráðstöfunar alls	3.180,0	3.236,3	3.364,7
Rekstrargjöld:			
Hafnamál	23,0	29,0	5,9
Hafnir, líkantilraunir, grunnkort	52,0	53,5	19,7
Rekstur Hafnabótasjóðs	12,0	0,0	0,3
Siglingavernd	17,0	18,0	14,1
Siglingamál	68,0	71,0	74,6
Vitar og leiðsögukerfi	143,4	150,0	149,2
Vaktstöð siglinga	267,0	267,0	276,4
Skipæftirlit	91,0	96,0	113,2
Hafnarríkiseftirlit	24,0	25,0	25,3
Rannsóknir og þróun	51,0	53,0	53,1
Áætlun um öryggi sjófarenda	22,0	22,0	20,8
Minjavernd og saga	5,0	5,0	13,2
Þjónustuverkefni	178,1	178,1	294,2
Rekstrargjöld alls:	953,5	967,6	1.060,0
Stofnkostnaður:			
Vitar og leiðsögukerfi	24,4	24,4	26,5
Hafnamannvirki	859,8	1.065,8	931,7
Lendingarbætur	7,3	8,8	1,4
Ferjubryggjur	9,4	23,4	33,2
Sjóvarnargarðar	125,2	125,2	93,0
Höfn í Bakkafjöru (Landeyjahöfn)	835,0	835,0	231,6
Stækkun tollaðstöðu á Seyðisfirði	62,3	82,3	68,9
Vestmannaeyjaferja	103,8	103,8	31,1
Stofnkostnaður alls:	2.227,2	2.268,7	1.417,4
Gjöld alls	3.180,7	3.236,3	2.477,4

* Á verðlagi 2007

** Samkvæmt fjárlögum 2008, fjárukalögum 2008 og millifærslum 2008.

Rekstur og þjónusta

Inngangur

Siglingamálahluti samgönguáætlunar nær til allra verkefna er löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun að annast en þau eru framkvæmdir í höfnum, sjóvarnir, vaktstöð siglinga, siglingamál og öryggi sjófarenda. Þá er þar fjallað sérgreint um aðra starfsemi og rekstrarþætti sem áður komu lítt útskýrðir fram í almennum ákvæðum fjárlaga. Gildandi samgönguáætlun nær til áronna 2007–2010, sbr. auglýsingu um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 nr. 96/2007 og nr. 101/2008 í A-deild Stjórnartíðinda.

Á milli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Siglingastofnunar Íslands er í gildi árangursstjórnunarsamningur. Samkvæmt honum eru sett markmið m.a. um aukið öryggi og hagkvæmni í siglingum og sérstaklega tekið á atriðum eins og fækkun slysa á sjómönnum og fækkun skipsskaða. Unnið hefur verið að þessum atriðum undanfarin ár og mikill árangur náðst.

Siglingastofnun vinnur að setningu ýmissa reglugerða og laga á sviði siglingamála og hafnamála, ekki síst þar sem þarf að innleiða gerðir Evrópusambandsins.

Hjá Siglingastofnun er markvisst unnið að ýmiskonar upplýsingamiðlun. Hún fer ekki síst fram í gegnum heimasíðu stofnunarinnar en hún hefur að geyma mikið af upplýsingum svo sem um reglugerðir og lög, veður og sjólag, skrá yfir skip o.fl. Þá er heimasíðan samskiptavettvangur.

Á vegum Siglingastofnunar er á hverju ári unnið að rannsóknnum á sviði hafna, líkantilauna og grunnkorta. Með rannsóknnum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilaunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Hafnasvið fær til umsagnar frá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum og aðilum á þeirra vegum ýmis skipulagsmál á hafnarsvæðum og vegna byggðar á strandsvæðum.

Með rannsóknum Siglingastofnunar er unnið að því að afla ýmissa grunnupplýsinga, mælinga og rannsókna sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna öldufarsreikninga vegna líkantilauna, þróun upplýsingakerfisins um veður og sjólag. Siglingastofnun hefur tekið þátt í starfi vinnuhóps Norðurskautsráðsins við áhættumat siglinga á norðurslóðum, AMSA (Arctic Marine Shipping Assessment) sem er á vegum starfshóps ráðsins um verndun hafsvæða norðursins, PAME (Protection of the Arctic Marine Environment) sem Siglingastofnun tekur einnig þátt í. Þá má nefna mælingar sjávarfalla á landgrunninu í samvinnu við Hafrannsóknastofnunin og VST verkfræðistofu, gerð hafislíkans, þátttaka í gerð skýrslu vísindanefndar um hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Ísland. Að lokum má nefna lögbundna afgreiðslu tillagna rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt þar sem Siglingastofnun vinnur úr þeim tillögum.

Siglingastofnun tekur til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gerir henni grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar hafa verið. Þá ber Siglingastofnun, samkvæmt reglugerð nr. 133/2002, að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Siglingastofnun sér um framkvæmd siglingaverndar samkvæmt lögun nr. 50/2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögumætum aðgerðum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum þann 11. september 2001.

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögun nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vakt-

stöðvarinnar og alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina IMO og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Í þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa.

Auk þessara verkefna stofnunarinnar er sérstaklega ástæða til að draga út eftirfarandi verkefni.

Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi

Siglingastofnun sér um rekstur landsvitakerfisins og veitir tæknileg aðstoð við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Stofnunin rekur einnig leiðsögu-, upplýsinga- og eftirlitskerfi vegna siglinga svo sem upplýsingakerfi um veður og sjólag, GPS leiðréttingakerfi (DGPS) og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa AIS. Þá sér stofnunin um innleiðingu skráninga og eftirlitskerfa Evrópusambandsins vegna siglinga, svo sem SafeSeaNet.

Skipaefirlit

Siglingastofnun ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd skipaefirlits en tæknilegt efirlit er í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa. Í árslok 2008 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga. Á árinu 2008 fór fram mikil vinna vegna nýlegrar reglugerðar um skoðanir skemmtibáta, þar með talin endurskoðun og útgáfa skoðunarhandbókar fyrir skemmtibátaeigendur, gerð leiðbeininga um skoðanir á þrómmum og úttektir á starfsemi bátaleiga og flúðasiglinga svo eitthvað sé nefnt.

Áhafnamál og skírteini

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu.

Frá og með 1. janúar 2008 tók Siglingastofnun við útgáfu allra íslenskra atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, en fram til þess tíma var það á hendi sýslumanna og Tollstjórans í Reykjavík að gefa út slík skírteini.

Hafnarríkiseftirlit

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, var að venju haft eftirlit með erlendum flutninga- og farþegaskipum sem hingað komu.

Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr siglingum svokallaðra undirmálsskipa og hefur þeim fækkað til muna eftir að farið var að banna skipum að koma til hafnar í aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Áætlun um öryggi sjófarenda

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er meðal annars að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunar um öryggi sjófarenda eru menntun og þjálfun sjómanna, fræðsluefni og miðlun upplýsinga, öryggisstjórnun um borð í skipum og rannsókn- og þróunarverkefni.

Siglingastofnun annast framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við verkefnisstjórn en í henni eiga sæti fulltrúar stéttarféлага sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Hafnir

Í töflu koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2008. Til samanburðar eru tölur fyrra árs: Tölur um hafnarframkvæmdir er heildarframkvæmdakostnaður með virðisaukaskatti, kostnaður vegna Landeyjahafnar meðtalinn.

	2007 millj.kr.	2008 millj.kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.463,2	2.054,7
Ferjubryggjur	6,4	33,2
Lendingabætur	7,8	1,7
Vestmannaeyjaferja	0,0	31,1
Samtals	1.477,4	2.120,7

Í skýrslu Siglingastofnunar um framkvæmd siglingamálaáætlunar árið 2008, sem aðgengileg er á vefum ráðuneytisins og Siglingastofnunar <http://www.sigling.is>, er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum og varnir gegn landbroti sjávar sem unnið var að á hverjum stað fyrir sig. Aftast í skýrslunni eru töflur yfir fjárveitingar sem varið var í hvert og eitt verkefni, styrkveitingar úr B-deild hafnabótasjóðs og ráðstöfun þeirra. Einnig er greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Vegamál

Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir mörkuðum tekjum að upphæð 14.730 m.kr., auk 10 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir sömu upphæð.

Samkvæmt vegáætlun var gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi til viðbótar mörkuðum tekjum, alls 15.180 m.kr. Þar af áttu 3.456 m.kr. að renna til jarðgangagerðar og 3.842 m.kr. að koma frá ráðstöfun söluandvirðis Símans. Einnig gerði vegáætlun ráð fyrir að sérstök fjáröflun myndi skila 1.400 m.kr. Greiðsla skuldar vegna veltenginga Hvalfjarðarganga og flýtingar framkvæmda á árinu 1999 var 187,1 m.kr. á árinu 2008.

Fjárlög 2008 voru hins vegar með aðra túlkun á þessu. Samkvæmt fjárlögum var beint ríkisframlag alls einungis 10.825,8 m.kr., þar af 3.456 m.kr. vegna jarðganga og 3.000 m.kr. af söluandvirði Símans. Mismunurinn átti að koma frá mörkuðum tekjum. Heildar ráðstöfun samkvæmt fjárlögum var 31.139,9 m.kr. þannig að samkvæmt fjárlögum átti ráðstöfun markaðra tekna umfram öflun ársins að vera 5.761,2 m.kr. þegar tekið hafði verið tillit til allra þátta.

Á fjáraukalögum 2008 kom 110 m.kr. útgjaldaheimild til að mæta kostnaði við Hlíðarenda-veg í Ölfusi (veg að vatnsverksmiðju). Fjáraukalög gerðu auk þess ráð fyrir minni innheimtu markaðra tekna þannig að innheimtutalan var lækkuð um 551 m.kr. og þar að auki hafði

ríkisstjórnin afturkallað lög um ráðstöfun söluandvirðis Símans þannig að áætluð ráðstöfun markaðra tekna umfram öflun jókst um 3.661 m.kr. og fór í 9.422,2 m.kr.

Samkvæmt uppgjörstólum frá fjársýslu ríkisins var innheimtan á mörkuðum tekjum, þ.e. bensingjaldi, þungaskatti og olíugjaldi auk leyfisgjalda af flutningum og leigubifreiðum 613,4 m.kr. minni en gert var ráð fyrir í vegáætlun og fjárlögum. Markaðar tekjur umfram fjárveitingar síðustu ára (vegasjóður), hafa verið geymdar í ríkissjóði. Nú er svo komið að bóúið er að ráðstafa öllum inneignum og gott betur, þannig að vegasjóður skuldaði ríkissjóði 6.824 m.kr. í árslok 2008.

Í töflunni er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2008. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 31.140 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fékk Vegagerðin 31.139,9 m.kr. Á fjáráukalögum fékk Vegagerðin 110 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna framkvæmda við Hlíðarendaveg. Fjárveitingar til Vegagerðarinnar árið 2008 voru því alls 31.249,9 m.kr.

		Vegáætlun 2008	Breyting 2008	Fjárveiting 2008
Rekstur Vegagerðarinnar				
Almennur rekstur				
1. Yfirstjórn		345,0	-0,1	344,9
2. Umsýslugjald		62,0	0,3	62,3
3. Upplýsingaþjónusta		97,0		97,0
4. Umferðareftirlit		88,0		88,0
Rekstur samtals		592,0	0,2	592,2
Önnur starfsemi Vegagerðarinnar				
Almenningssamgöngur				
1. Ferjur og flóabátar		697,0	-1,1	695,9
1. Áætlunarferjur	662,0			
2. Viðhald ferja	35,0			
2. Sérleyfi á landi		210,0		210,0
3. Áætlunarflug		280,0	1,4	281,4
Almenningssamgöngur samtals		1.187,0	0,3	1.187,3
Viðhald				
1. Viðhald bundinna slitlaga		1.575,0	-0,5	1.574,5
2. Viðhald malarslitlaga		490,0		490,0
3. Styrkingar og endurbætur		956,0		956,0
4. Brýr, varnargarðar og veggöng		406,0		406,0
5. Viðhald vegmerkinga		631,0		631,0
6. Samningar við sveitarfélög		385,0		385,0
7. Viðhaldssvæði		335,0		335,0
8. Vetrarviðhald		1.309,0		1.309,0
9. Umferðaröryggi		309,0		309,0
10. Vatnaskemmdir		186,0		186,0
11. Viðhald girðing		70,0		70,0
12. Frágangur gamalla efnisnáma		33,0		33,0

13. Minjar og saga		15,0		15,0
Viðhald samtals		6.700,0	-0,5	6.699,5
Stofnkostnaður				
1. Grunnnet		18.773,0		18.773,0
1. Almenn verkefni	602,0			
2. Verkefni á höfuðborgarsvæði	3.445,0			
3. Verkefni á landsbyggð	5.678,0			
Þar af afborgun láns v/Hvalfjarðartenginga til ríkissjóðs		-40,0		-40,0
4. Söluandvirði Símans	3.842,0			
5. Jarðgangaáætlun	3.456,0			
6. Landsvegir í grunnneti	62,0			
7. Grímseyjarferja	260,0			
8. Ferjubryggjur	28,0			
9. Sérstök fjáröflun	1.400,0			
Grunnnet samtals:		18.733,0	0,0	18.733,0
2. Tengivegir		1.951,0	110,0	2.061,0
3. Til brúagerðar		545,0		545,0
1. Brýr, 10 m og lengri	514,0			
2. Smábrýr	31,0			
4. Ferðamannaleiðir		204,0		204,0
5. Þjóðgarðavegir		388,0		388,0
6. Girðingar		83,0		83,0
7. Landsvegir utan grunnnets		125,0	0,4	125,4
8. Safnvegir		373,0		373,0
9. Styrkvegir		73,0		73,0
10. Reiðvegir		62,0		62,0
11. Rannsóknir og þróun		124,0	-0,5	123,5
Samtals utan grunnnets:		3.928,0	109,9	4.037,9
Afskrift markaðra tekna:		0,0		0,0
Stofnkostnaður samtals:		22.661,0	109,9	22.770,9
Samtals:		31.140,0	109,9	31.249,9

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.

Eftirfarandi er umfjöllun um starfsemi vegagerðarinnar byggð á töflunni. Yfirstjórn Vegagerðarinnar og þrjú svið stofnunarinnar þ.e. framkvæmdasvið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru vegamálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri og framkvæmdastjórnarsviða.

Þjónustudeild framkvæmdasviðs sér um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Rekin er upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við svæði Vegagerðarinnar. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölbættum

upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, áspunga, frost í jörð, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, hleðslu- og frágangi farms, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og ökumæla og eftirlit tengt framkvæmd laga um fólks- og farmflutninga og laga um leigubifreiðir.

Auk þess annast umferðareftirlit í umboði Ríkisskattstjóra framkvæmd eftirlits með notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu samkvæmt lögum um olúgjald og kílómetragjald. Eftirlit á vegum felst einkum í vigtun ökutækja auk þess sem gerðar eru aðrar nauðsynlegar athuganir til að ganga úr skugga um að ástand ökutækja, hleðsla og frágangur farms og aksturs- og hvíldartími ökumanna sé í samræmi við reglur og fylgt sé reglum um rekstrar- og atvinnuleyfi. Auk þess er kannað hvort ástæða sé til að ætla að um óheimila notkun litaðrar, gjaldfrjálsrar olíu sé að ræða og tekin olíusýni ef tilefni er til. Eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna fer auk þess fram með því að kallað er eftir upplýsingum um aksturs- og hvíldartíma frá flytjendum til skoðunar.

Undir almenningssamgöngur falla styrkir til reksturs á ferjum, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi. Árið 2008 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norður-fjörð á Ströndum. Allur rekstur á ferjunum hefur verið boðinn út. Ferjurnar eru: Vestmannaeyjaferjan Herjólfur, Breiðafjarðarferjan Baldur, Ísafjarðardjúpsferjan Bliki, Hríseyjarferjan Sævar, Grímseyjarferjan Sæfari og Mjóafjarðarferjan, Anný.

Áætlunarflug er styrkt til átta áfangastaða skv. útboðum sem tóku gildi 1. janúar 2007. Samningar eru til þriggja ára með heimild til framlengingar í allt að tvö ár. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Vestmannaeyja, Bíldudals, Gjögurs, Sauðárkróks og Hornafjarðar og flug frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Viðhald

Fjárveitingar til viðhalds vega fara í viðhald á eftirfarandi flokkum: viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, viðhald vegmerkinga, samningar við sveitarfélög, viðhaldssvæði, vetrarviðhald, umferðarör-yggi, vatnaskemmdir, viðhald girðinga og frágang gamalla efnisnáma. Með viðhaldi þjóðvegakerfisins er átt við að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir. Viðhald þjóðvega tekur einnig til þeirrar þjónustu á vegakerfinu sem miðar að því að tryggja greiða og örugga umferð.

Viðhald bundinna slitlaga snýst fyrst og fremst um endurnýjun á klæðingu en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Með aukinni umferð eykst þörfin fyrir malbiksslitlag.

Fjárveiting til viðhalds malarvega fer til þess að leggja ný malarslitlög, endurbæta gömul slitlög, vegheflunar og rykbindingar auk smærri viðgerða vegna tilfallandi skemmda og úrrennslis.

Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkingar og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu.

Fjárveiting til viðhalds brúa, varnargarða og vegganga er notuð til þeirra atriða er nafn liðarins bendir til en meðal verkefna er endurnýjun einbreiðra brúa með stálræsnum auk rekstrar jarðganga en innifalinn er þar kostnaður við lýsingu, þrif, umsjón og allan rekstur jarðganga.

Fjárveitingu til viðhalds vegmerkinga er varið til lýsingar meðfram vegum, yfirborðsmerkingar, endurnýjunar og viðhalds á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum.

Fjárveiting til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis er varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli bæði af Vegagerðinni sjálfri og af sveitarfélögum sem hún semur við. Samkvæmt 14. grein vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafla þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

Á undanförunum árum hefur kostnaður vetrarþjónustu á vegakerfinu stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarviðhald er aftur á móti mjög háður veðurfari. Nauðsynlegt er að fjárveitingar til vetrarviðhalds hækki verulega á næstu árum.

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á vegakerfinu. Í maí 2008 gerði Vegagerðin samkomulag við Umferðarstofu þess efnis að Umferðarstofa tæki að sér að annast þann hluta umferðaröryggisáætlunar sem snýr að Ríkislögreglustjóra en greiðist af vegáætlun. Keyptar voru sjálfvirkar hraðamyndavélum og annar tækjabúnaður.

Fjárveiting vegna vatnaskemmda er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara. Viða um land urðu skemmdir vegna vatns- og sjávarflóða. Einnig urðu verulega skemmdir á vegakerfinu vegna jarðskjálfta á Suðurlandi 29. maí 2008.

Viðhald girðinga með stofn- og tengivegum fellur samkvæmt reglugerð nr. 325/1995 að hálfu á Vegagerðina. Auk þess er Vegagerðinni heimilt samkvæmt 52 gr. vegalaga nr. 80/2007 að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð.

Fjárveitingu vegna frágangs gamalla efnisnáma er varið til frágangs á efnisnánum sem ekki eru lengur í notkun.

Stofnkostnaður

Fjárveitingar til stofnkostnaðar voru samkvæmt vegáætlun 22.661 m.kr. (fjárlög 22.660,9 m.kr.) Hafði þá verið tekið tillit til afborgunar af láni vegna veltenginga við Hvalfjarðargöng 40 m.kr. Innifalið í þessari tölu var 3.000 m.kr. ríkisframlag af söluandvirði Símans, og framlag til jarðgangaáætlunar 3.456 m.kr. Ráðstöfun á söluandvirði Símans var síðar afturkölluð með fjárukalögum en í staðinn gert ráð fyrir því að samsvarandi fjármögnun kæmi frá mörkuðum tekjum. Á fjárukalögum 2007 kom síðan 110 m.kr. aukafjárveiting vegna Hlíðarendavegar í Ölfusi. Fjárveitingar til stofnkostnaðar urðu því í raun 22.771 m.kr. Til grunnnetsins fóru 18.733 m.kr. en 4.038 m.kr. til stofnkostnaðar utan grunnnets, þar af fóru 2.061 m.kr. til tengivega. Fjárveitingar til vegamála hafa aldrei fyrr verið eins háar, hvort sem er í krónum talið eða að raungildi. Rétt er að geta þess að fjárveitingar til verkefna og það fé sem til þeirra fer geta verið mismunandi. Er það vegna þess að verk byrja seinna en ráðgert hafði verið og að fyrir kemur að fé er fært milli verkefna. Því er í framhaldinu

bæði gert ráð fyrir fjárveitingum til verkefna og síðan sérstaklega stærstu verkefnum sem unnið var við.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar grunnnets vegakerfisins samkvæmt vegáætlun voru 18.773 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til afborgana af láni vegna tenginga Hvalfjarðarganga. Til framkvæmda voru því 18.733 m.kr. Fjárveitingar til grunnnets skiptast í eftirtalda átta verkefnaflokka.

Fjárveitingar til verkefna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt vegáætlun voru 3.445 m.kr.

Stærstu fjárveitingarnar voru til eftirtalinna verkefna:

- Hafnarfjarðarvegur gatnamót við Nýbýlaveg 235

Reykjanesbraut

- gatnamót við Bústaðaveg 406
- gatnamót við Arnarnesveg 969
- gatnamót við Vífilstaðaveg 406
- gatnamót við Urriðaholtsveg 374
- Arnarnesvegur Reykjanesbraut – Rjúpnavegur 250
- Álftanesvegur Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur 503

Fjárveitingar til verkefna á landsbyggð samkvæmt vegáætlun voru 5.678 m.kr. Af því voru 40 m.kr. til greiðslu afborgana lána til ríkissjóðs vegna Hvalfjarðarganga. Skipting fjárveitinga á verkefni var þessi til helstu verkefna:

Hringvegur á Suðurlandi

- Hringvegur um Hornafjarðarfljót 175
- Bakkafjöruvegur 670
- Bræðratunguvegur um Hvítá 103

Suðurstrandarvegur

- Herdísarvík – Þorlákshöfn 206
- Festarfjall – Herdísarvík 103
- Laugarvatnsvegur – Þingvallavegur 381
- Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur – Víknavegur 433

Norðvesturland

- Um Norðurárdal í Skagafirði 211
- Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð um Fróðárheiði 206

Vestfjarðavegur

- Svínadalur – Flókalundur 391
- Reykhólasveitarvegur – Þorskafjarðarvegur 134
- Kjálkafjörður – Vatnsfjörður 309
- Djúpvegur Ísafjörður – Mjólfjörður 721
- Vegur um Arnkötludal Vestfjarðavegur – Djúpvegur 103
- Strandavegur Djúpvegur – Drangnesvegur 103

Hringvegur á Norðausturlandi

- Valtýskambur – Sandbrekka 124

Norðausturvegur

- Norðausturvegur
- Hófaskarðsleið 510
- Fremri Háls – Sævarland 206
- Vopnafjörður – Brunahvammsháls 129

Fjárveiting vegna söluandvirðis Símans í vegáætlun var 3.842 m.kr. Skipting helstu fjárveitinga er með þessum hætti:

- Hringvegur um Hornafjarðarfljót 400

● Hringvegur gatnamót við Nesbraut	200
<i>Reykjanesbraut</i>	
● Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur	420
● 15-18 Krýsuvíkurvegur - Víknavegur	180
<i>Suðurstrandarvegur</i>	
● Herdísarvík – Þorlákshöfn	200
● Sundabraut Sæbraut – Geldinganes	492
● Vestfjarðavegur Svínadalur – Flókalundur	300
● Arnkötludalur Tröllatunguvegur Vestfjarðavegur-Djúpvegur	600
● Þverárfjallsvegur Skagavegur – Sauðárkrókur	100
<i>Norðausturvegur</i>	
● Hófaskarðsleið	500
● Raufarhafnarleið	150
● Vopnafjörður–Brunahvammsháls	200

Fjárveitingar til jarðgangaaætlunar samkvæmt vegáætlun voru 3.456 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni var þessi:

● Bolungarvíkurgöng (Óshlíðargöng)	1.280
● Héðinsfjarðargöng	2.072
● Vaðlaheiðargöng	104

Sérstök fjáröflun. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun voru 1.400 m.kr. til Hafravatnsveggar.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar utan grunnnets með síðari breytingum samkvæmt vegáætlun voru 4.038 m.kr. Fjárveitingar utan stofnvegakerfis skiptast m.a. í

- *Tengivegir.*
- *Briúargerð* en fjárveitingar til briúargerðar skiptist í smábryr og bryr 10 m og lengri. Fjárveiting til lengri brúa er notuð til að leggja af einbreiðar bryr og endurnýja bryr þar sem þess er þörf. Fjárveiting til smábrúa er alfarið notuð til að leggja af einbreiðar bryr.
- *Ferðamannaleiðir* en fjárveiting til ferðamannaleiða samkvæmt vegáætlun er notuð til að byggja upp og viðhalda leiðum til fjölfarinna ferðamannastaða.
- *Þjóðgarðavegir* en fjárveiting til þjóðgarðavega er varið til vega innan þjóðgarða.
- *Girðingar.* Fjárveitingu til girðinga var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar.
- *Landsvegir utan grunnnets.* Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis er skipt milli svæða Vegagerðarinnar. Fjárveitingin fer til verkefna eins og til endurbóta á vegum eins og á Jökulvegi (F985), Lakavegi (F206), Landmannaleið (F225) Arnarvatnsvegi (F578), Öndverðarnesvegi (579) Seljalandsvegi (637) og Þórdalsheiðarvegi (F936). auk þess að vera varið til til viðhalds og þjónustu landsvega.
- *Safnvegir.* Fjárveitingum til safnvega er skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964.
- *Styrkvegir.* Fjárveitingunni er varið til verkefna eins og gatna í þéttbýli og vegi yfir fjöll og heiðar.
- *Reiðvegir.*
- *Rannsóknir* en samkvæmt vegalögum sem gengu í gildi 1. janúar 2008 er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1,5% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Lagagreinin var þó ekki virk fyrir árið 2008 og nam fjárveitingin samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum 123,5 m.kr.

Helstu verkefni

Hér fer á eftir upptalning á helstu verkefnum sem unnið var við á árinu 2008.

Suðursvæði

30 Hrunamannavegur, Skipholt – Foss. Verkið fólst í nýbyggingu 5,1 km kafla frá Hvítárdal að Fossi. Verkið var boðið út og gerði kostnaðaráætlun alls verksins ráð fyrir 217 m.kr. heildarkostnaði. Framkvæmdir hófust í byrjun árs 2008 en gert ráð fyrir verklokum árið 2009. Árið 2008 féll til kostnaður að upphæð 159 m.kr.

254 Bakkafjöruvegur, Hringvegur – Landeyjahöfn. Verkið fólst í nýbyggingu á 11,8 km löngum vegi, Bakkafjöruvegi, frá Hringvegi vestan við Markarfljótsbrú, niður að fyrirhugaðri Landeyjahöfn með brú á Ála og tilheyrandi varnargörðum ásamt nýbyggingu 3 km langs kafla Bakkavegar frá Landeyjaflugvelli að Bakkafjöruvegi. Verkið var boðið út með útboði á byggingu Landeyjahafnar í samstarfi við Siglingastofnun og gerði kostnaðaráætlun alls verksins ráð fyrir 710 m.kr. heildarkostnaði. Framkvæmdir við Bakkafjöruveg hófust á seinni hluta ársins 2008. Áætluð verklok eru 1. júlí 2010. Árið 2008 féll til kostnaður upp á 123 m.kr.

359 Bræðratunguvegur Flúðir – Reykholt. Verkið felst í nýbyggingu á 7,2 km löngum vegi milli Flúða og Reykholts og tengingum við hann og byggingu nýrrar brúar á Hvítá. Kostnaðaráætlun alls verksins gerir ráð fyrir 1.400 m.kr. heildarkostnaði verksins. Á árunum 2005 til 2008 hefur verið unnið að undirbúningi og hönnun verksins en mat á umhverfisáhrifum fór fram fyrir nokkrum árum. Árið 2008 féll til 19 m.kr. kostnaður.

365 Lyngdalsheiðarvegur, Laugarvatn – Þingvellir. Verkið felst í nýbyggingu um 15 km langs vegar milli Laugarvatns og Þingvalla. Verkið var boðið út og gerði kostnaðaráætlun ráð fyrir heildarkostnaði upp á 912 m.kr. Útboð á framkvæmdinni var auglýst í apríl 2008 og hófust framkvæmdir í ágúst. Áætluð verklok eru í október 2010. Árið 2008 féll til 148 m.kr. kostnaður vegna verksins.

380 Hlíðarendavegur, Þorlákshafnarvegur – Hlíðarendi. Verkið fólst í endurbyggingu á 5,4 km kafla frá Þorlákshafnarvegi að Hlíðarenda í Ölfusi. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 120 m.kr. heildarkostnaði. Verkið var boðið út í júlí 2008 og hófust framkvæmdir í ágúst og lauk að mestu í október. Sett var fyrra lag klæðingar á veginn en frekari frágangi verður lokið vorið 2009. Kostnaður árið 2008 var 107 m.kr.

427 Suðurstrandarvegur, Ísólfskáli – Þorlákshafnarvegur. Verkið fólst í nýbyggingu á um 49 km löngum vegi á milli Ísólfskála og Þorlákshafnar. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir heildarkostnaði upp á 1.900 m.kr. sem skiptist á milli kaflanna milli Krýsuvíkurvegar/Þorlákshafnarvegar 1.320 m.kr. annars vegar og kaflans Ísólfskála-Krýsuvíkurvegar 580 m.kr. Undanfarin ár hefur verið unnið að uppgræðslu á söndum vestan Þorlákshafnar, auk þess sem unnið hefur verið að undirbúningi fyrir útboð á verkframkvæmd. Framkvæmdir við 34 km langan kafla frá Krýsuvíkurvegi að Þorlákshafnarvegi voru boðnar út í lok júní 2008 og hófust framkvæmdir í desember. Áætluð verklok eru í september 2011.

Suðvestursvæði

Þingvallavegur – Brautarholtsvegur. Verkið fólst í umbótum á umferðaröryggi Hringvegarins út frá Reykjavík. Heildarkostnaður var ráðgerður 326 m.kr. Á árinu 2008 var unnið að bráðabirgðahringtorgi við Leirvogstungu og greiddar bætur fyrir land. Kostnaður árið 2008 var 121 m.kr.

41 Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur – Víknavegur. Verkið var breikkun Reykjanesbrautar úr tveimur akreinum í fjórar akreinar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur. Verkið skiptist í tvo áfanga og var kostnaðaráætlun fyrir þann fyrri 1.100 m.kr. og þann seinni 2.023 m.kr.

Fyrsti áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar á 8,5 km löngum kafla frá Hvassahrauni að Strandarheiði og bygging mislægra vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg, ásamt færslu Vatnsleysustrandarvegar á um 1,8 km löngum kafla. Á verktímanum var samið um lengingu áfangans um 3,5 km á grundvelli einingarverða tilboðs. Þessi áfangi var boðinn út í október 2002 og framkvæmdir hófust í janúar 2003 og lauk þeim hluta í október 2004.

Annar áfangi verksins er breikkun Reykjanesbrautar frá Strandarheiði að Njarðvík og bygging mislægra vegamóta við Vogaveg, Skógfellsveg, Grindavíkurveg og Njarðvík. Annar áfangi frá Strandarheiði til Njarðvíkur var boðinn út í október 2005 og hófust framkvæmdir um haustið. Áætluð verklok voru í júní 2008. Í desember 2007 verður verktakinn Jarðvélar ehf. gjaldþrota. Það sem eftir stóð af verkinu var boðið út aftur og tilboð opnuð í apríl 2008. Verklok eru áætluð í júní 2009. Árið 2008 féll til kostnaður að upphæð 1.327 m.kr. Í lok árs 2008 hafði fallið til kostnaður að upphæð 3.879 m.kr. en heildarkostnaðaráætlun hafði gert ráð fyrir alls 3.123 m.kr. Verulegur aukakostnaður varð vegna gjaldþrots Jarðvéla ehf. og endurútbóðs verksins.

40 Hafnarfjarðarvegur gatnamót við Nýbýlaveg. Verkið fólst í breikkun og hliðrun Nýbýlavegar milli Kársnesbrautar og Birkigrundar, gerð tveggja hringtorga og þrenna undirganga. Einnig var gerð ný tenging við Hafnarfjarðarveg. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 436 m.kr. heildarkostnaði. Verkið var boðið út í maí 2007 og voru áætluð verklok í júlí 2008. Vegna breytinga á verkinu frestuðust verklok til ársins 2009. Árið 2008 féll til 348 m.kr. kostnaður.

41 Reykjanesbraut, Fífuhvamsvegur – Kaplakriki. Verkið fólst í breikkun Reykjanesbrautar frá Fífuhvamsvegi að Kaplakrika. Einnig gerð undirganga við Bæjargil og Vífilsstaðalæk, frágangur gönguleiða og öll landmótun. Á verktímanum var samið við verktaka um gerð mislægra gatnamóta við Urriðaholt í Garðabæ. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir að breikkun Reykjanesbrautar kostaði 1.236 m.kr. og gerð gatnamóta við Urriðaholt 300 m.kr. eða 1.536 m.kr. alls.

Verkið hófst í febrúar 2006. Mislæg gatnamót við Urriðaholt voru tekin í notkun 12. október 2006. Endanleg verklok voru áætluð 1. ágúst 2007 en verkinu seinkaði verulega og er gert ráð fyrir að lokauppgjör verksins fari fram á árinu 2009. Árið 2008 féll til kostnaður að upphæð 175 m.kr.

41 Reykjanesbraut, gatnamót við Arnarnesveg. Verkið fólst í byggingu mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar og endurbyggingu Arnarnesvegar að hringtorgi við Nónholt. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir heildarkostnaði sem nam 955 m.kr.

Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins og var það boðið út í árslok 2007. Framkvæmdir hófust í febrúar 2008 og mannvirkið tekið í notkun í nóvember 2008. Verklok eru áætluð í júní 2009. Á árinu 2008 féll til 971 m.kr. kostnaður.

41 Reykjanesbraut, gatnamót við Vífilsstaðaveg. Verkið fólst í byggingu mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Vífilsstaðavegar og gerð undirganga undir Vífilsstaðaveg. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir heildarkostnaði upp á 749 m.kr.

Á árinu 2007 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins. Verkið boðið út í ársbyrjun 2008 og framkvæmdir hófust í maí. Mannvirkið tekið í notkun í desember 2008 og verklok áætluð í júní 2009. Árið 2008 varð kostnaður 856 m.kr.

49 Nesbraut, Reykjanesbraut - Hafnarfjarðarvegur. Verkið fólst í gerð viðbótareinar á Nesbraut til að auðvelda umferð almenningsfarartækja. Verkinu lauk að mestu á árinu 2008. Kostnaður árið 2008 var 150 m.kr.

431 Hafravatsvegur, Úlfarsfellsvegur - Hringvegur. Verkið fólst í að gera hringtorg á tengingu við Krikahverfi ásamt vegtengingum, undirgöngum og landmótun. Kostnaðar-

áætlun gerði ráð fyrir 202 m.kr. Verkið fyrst boðið út í júní 2007. Öll tilboð voru yfir kostnaðaráætlun og var ákveðið að hafna öllum tilboðum. Verkið var boðið út aftur í desember 2007 og hófst í ársbyrjun 2008. Áætluð verklok eru í júní 2008. Kostnaður árið 2008 var 154 m.kr.

Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 2004 og 2005 var unnið að útboði á ljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Reykjavíkurborg. Framkvæmdir hófust á árinu 2006 og lauk fyrsta áfanga verksins á árinu 2007. Á árinu 2008 var unnið við annan áfanga verksins og féll þá til kostnaður að upphæð 265 m.kr.

Norðvestursvæði

Vegur um Borgarnes. Verkið fólst í endurbótum á gatnamótum Borgarbrautar og Hringvegur og breikkun hans að Kveldúlfsgötu. Verkið var boðið út í nóvember 2007. Haustið 2007 var þó samið um lögn bráðabirgðavegar og hann lagður. Vinna við gatnamót hófst í janúar 2008. Verklök voru í júlí 2008. Árið 2008 féll til kostnaður upp á 131 m.kr.

Borgarfjarðarbraut – Brekkunef. Verkið var í tveimur áföngum. Fyrri áfangi verksins var endurbygging Hringvegur á 6,2 km löngum kafla frá Gljúfurá að Ólafarflóa norðan Grafarkots. Við það verk var bætt fyllingu á 3 km kafla norðan við útboðskaflann m.a. yfir Ólafarflóa til að fá fram sig á næsta áfanga. Síðari áfanginn var endurbygging Hringvegur á 9,3 km löngum kafla frá Ólafarflóa að Brekkunefi. Kostnaðaráætlun fyrri áfanga var 390 m.kr. og seinni áfanga 379 m.kr.

Fyrri áfangi verksins var boðinn út í ágúst 2004 og hófust framkvæmdir í október það ár. Unnið var við verkið mikinn hluta ársins 2005. Lagt var slitlag á um 3 km í júlí og í desember var lagt slitlag á hluta kaflans, um 2 km og hann tekinn í notkun. Í lok ársins var unnið að fyllingu um Ólafarflóa. Haldið var áfram vinnu við verkið 2006 og því lokið á haustdögum. Lokauppgjör fór fram árið 2007. Síðari hluti verksins var boðinn út í apríl 2007 og hófust framkvæmdir í ágúst það ár. Lagt var slitlag á um 3 km um Ólafarflóa í september. Eftir það var gerð fylling á 1,2 km kafla neðan Hraunár og lagt ræsi í Hrauná. Lagt var slitlag á um 4,9 km á árinu 2008, að Bifröst og frá Hreðavatnsskála að Brekkunefi. Eftir er kafla við Bifröst og annar kafla við Brekkunef. Verklök eru áætluð í september 2009. Árið 2008 varð kostnaður 255 m.kr.

Hrútafjarðará um Hrútafjörð. Verkið fólst í nýlagningu 3,5 km vegar frá núverandi brú á Selá á Djúpvegi inn á Hringveginn utan Staðarskála og breikkun á 3 km kafla á núverandi Djúpvegi frá Brú að Selá. Ný 1,6 km löng tenging Djúpvegur við Hringveg. Bygging 65 m brúar á Hrútafjarðará og breikkun 20 m brúar á Selá ásamt lagfæringum á brú á Ormsá.

Unnið hefur verið að undirbúningi verksins undanfarin ár. Árið 2006 var byggð ný brú á Selá og brú á Ormsá lagfærð. Hafin var bygging brúar á Hrútafjarðará í september 2007. Brúin var tilbúin í júní 2008. Vegagerð var boðin út í nóvember 2007 og hófst í desember. Unnið var nánast allan veturinn og kláraðist verkið að mestu í desember 2008. Eftir er að yfirleggja hluta af slitlagi, ganga frá vegriðum við Ormsá, og sáning. Árið 2008 varð kostnaður 366 m.kr.

Vegur um Fróðárheiði, Egilsskarð – Sæluhús. Verkið var að byggja nýjan 4,5 km langan vegarkafla, með bundnu slitlagi, um Fróðárheiði. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 295 m.kr. alls.

Verkið var boðið út í júní 2008 og hófst vinna í ágúst. Unnið var fram undir áramót og var að mestu unnið í fyllingum og skeringum á háheiðinni. Áætluð verklok voru í september 2009. Kostnaður árið 2008 var 155 m.kr.

Skálanes – Eyri. Verkefnið var að endurbyggja 9,2 km langan kafla sem byrjar rétt vestan Skálaness og nær að núverandi slitlagsenda utan Eyrar. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 406 m.kr.

Verkið var boðið út í október 2006 og vinna hófst í febrúar 2007. Lagt var slitlag á 5,2 km um mánaðamót ágúst / september það ár. Í júlí 2008 var slitlagslögn lokið og verklok voru í nóvember 2008. Árið 2008 féll til kostnaður upp á 143 m.kr.

61 Djúpvegur, Eyri – Svansvík. Nýlögn 10 km kafla frá stað innan vegamóta við Eyrarfjall að slitlagsenda innan Svansvíkur. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 425 m.kr heildarkostnaði.

Verkið var boðið út í mars 2007 og hófst í maí. Á árinu 2007 var fyllingum, neðra burðarlagi og grjótvörn lokið að miklu leyti. Slitlag var lagt í þremur áföngum á árinu 2008. Verklok voru í nóvember 2008 og kostnaður á því ári 239 m.kr.

61 Djúpvegur, Reykjanes – Hörtná. Verkið fólst í lögn vegar frá Rauðagarði út á Reykjanes, yfir Reykjafjörð um Sveinhúsanes, Vatnsfjörð, Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð að Hörtná. Meðal annars er um að ræða þrjár brýr, 60 m steinsteypta brú á Reykjafjörð, 10 m steinsteypta brú á Vatnsfjarðarós og 130 m stálbogabrú á Mjóafjörð. Kostnaðaráætlun var 1.600 m.kr.

Verkið var boðið út í lok nóvember 2006. Framkvæmdir hófust snemma árs 2007 og var unnið allt árið. Búið er að smíða brýr á Reykjafjörð og Vatnsfjarðarós. Allt stálvirki brúar á Mjóafjörð er komið upp, eftir er að steypa yfirbyggingu, sandblása og lagfæra málningu og setja upp vegrið. Vegagerð er nánast lokið nema við Hrutey. Efni í brúna á Mjóafjörð var smíðað í Kína og kom á staðinn í lok árs 2007. Kostnaður árið 2008 var 670 m.kr.

45 Óshlíðargöng. Verkefnið var gerð jarðganga á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Síðla árs 2005 var í tengslum við gerð fjárukalaga ákveðið undirbúa framkvæmdir við Óshyrnugöng, 1,2 km að lengd. Málið þróaðist þannig að skoðaðir voru ýmsir möguleikar á göngum á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur með umfangsmiklum rannsóknum á jarðlögum og síðan forhönnun og kostnaðaráætlunum á ýmsum leiðum. Í árslok 2006 gerði Vegagerðin grein fyrir niðurstöðum athugana og í framhaldinu var ákveðið að grafa göng frá Skarfaskeri að Ósi. Lengd ganga með skálum var áætluð um 5,4 km. Jafnframt þarf að leggja 4 km af vegum og smíða 8 m langa brú á Hnífsdalsá og 24 m langa brú á Ósá. Haldið var áfram hönnun og gerð útboðsgagna, forval fór fram og fengu fjórar verktakasamsteypur að bjóða í verkið. Þeim voru send útboðsgögn í nóvember 2007. Kostnaðaráætlun 5.070 m.kr.

Samningur var undirritaður 8. apríl 2008 en framkvæmdir hófust í maí með uppsetningu aðstöðu og greftri frá gangamunnum. Fyrsta gangasprenging Hnífsdalsmegin var 4. september og Bolungarvíkurmegin 17. september. Um áramót 2008/9 var lokið við að sprengja 1.493 m eða um 29% af lengd ganganna. Haustið 2008 var einnig byrjað á gerð brúar á Ósá, jafnframt því sem unnið var að gerð fyllinga og grjótvörn beggja vegna ganganna. Árið 2008 féll til 1.666 m.kr. kostnaður.

509 Akranesvegur, Þjóðbraut. Verkið fólst í að leggja nýjan aðkomuveg að Akranesi. Lengd er um 800 m og eru hringtorg á báðum endum. Vegurinn er lagður malbiki og með lýsingu. Kostnaðarmat var 225 m.kr.

Verkið var boðið út í apríl 2007. Vinna hófst í júlí 2007 og var unnið allan veturinn. Verki lauk að mestu í september 2008. Kostnaður árið 2008 varð 190 m.kr.

576 Framsveitarvegur Snæfellsvegur – golfvöllur. Verkið fólst í að endurbyggja 4,9 km langa kafla Framsveitarvegur. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 95 m.kr.

Verkið var boðið út í janúar 2008. Vinna hófst í júlí og var fyrra lag klæðingar lagt í september. Ekki tókst að ljúka verkinu á árinu og eru verklok áætluð sumarið 2009. Eftir er yfirlögn slitlags og lokafrágangur. Kostnaður árið 2008 varð 106 m.kr.

605 Tröllatunguvegur, Vestfjarðavegur – Djúpvegur. Verkið fólst nýbyggingu á 24 km löngum vegi frá Vestfjarðavegi um Geiradal, Gautsdal, Þröskulda, Arnkötludal og Tungusveit að Djúpvegi vestan Hrófár. Vegurinn verður 7,5 m breiður lagður bundnu slitlagi. Á vegarkaflanum verða 5 stórir stálmólkar. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 1.250 m.kr.

Verkið var boðið út vorið 2007 og hófst í júní. Unnið var samfellt til áramóta. Eins var unnið allt árið 2008. Búið er að undirbyggja veginn að mestu frá Vestfjarðavegi langleiðina norður undir Djúpveg, um 22 km. Einnig er búið að setja niður 4 af 5 stórum ræsum. Verklok eru áætluð 2009. Árið 2008 varð kostnaður 827 m.kr.

643 Strandavegur, Djúpvegur – Drangnesvegur. Verkið var endurbygging vegar með bundnu slitlagi á um 4 km löngum kafla frá Geirmundarstaðavegi að vegamótum Drangnesvegur. Kostnaðaráætlun var 112 m.kr.

Verkið var boðið út í mars 2008 og hófust framkvæmdir í júlí. Um áramót var búið að undirbyggja allan veginn. Eftir er leggjá bundið slitlag á veginn og ganga frá vegriði. Árið 2008 varð kostnaður 106 m.kr.

Norðaustursvæði

Hringvegur, Ármótasel – Skjöldólfsstaðir. Verkið er nýbygging á 8 km löngum kafla Hringvegur frá klæðingarenda vestan Ármótasels að klæðingarenda neðan Skjöldólfsstaða 2 á Jökuldal. Kostnaðaráætlun var 570 m.kr.

Á árunum 2005 og 2006 var unnið að hönnun, undirbúningi ásamt því að keypt var efni til verksins og greiddar landbætur. Unnið var við undirbyggingu vegarins 2007 og 2008 og kaflinn tekinn í notkun yfir vetrarmánuðina. Eftir er efra burðarlag og klæðing og er stefnt að því að ljúka kaflanum með bundnu slitlagi 2009. Kostnaður árið 2008 var 199 m.kr.

Hringvegur, Þvottár- og Hvalnesskriður. Verkið var endurbygging á 4,2 km löngum kafla um Þvottár- og Hvalnesskriður. Kostnaðaráætlun: 150 m.kr.

Á árunum 2005 og 2006 var unnið að undirbúningi verksins, sem var boðið út í september 2007 og lauk í september 2008. Kostnaður árið 2008 var 139 m.kr.

Héðinsfjarðargöng. Undirbúningur og útboð vegna jarðgangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Verkið var boðið út 2003 en síðar ákveðið að ganga ekki til samninga við verktaka heldur bjóða það út að nýju 2005/2006.

Sem 1. áfanga verksins var þó ákveðið að byggja nýja 40 m langa brú á Ólafsfjarðarós í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum.

2. áfangi verksins var bygging á nýrri 12 m langri brú á Fjarðará í Siglufirði í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum.

3. áfangi verksins var að taka frá munna jarðganga að vestanverðu í Héðinsfirði.

4. áfangi verksins var gerð 6,9 km langra jarðganga milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar og 3,7 km langra jarðganga milli Héðinsfjarðar og Siglufjarðar ásamt 450 m löngum steinsteiptum vegskálum. Lagður verður 2,0 km langur vegur í Siglufirði, 0,6 km vegkafla í Héðinsfirði og samtals 0,6 km langur vegur í Ólafsfirði. Einnig breikkun á 0,7 km vegarkafla í Siglufirði og byggð 14 m löng brú yfir Héðinsfjarðará. Kostnaðaráætlun var 7.597 m.kr.

1. áfangi. Brúar- og vegagerð á Ólafsfjarðarós lauk á árinu 2003. 2. áfangi. Brúargerð á Fjarðará lauk á árinu 2004. 3. áfangi. Á árinu 2005 var unnið að undirbúningi útboðs Héðinsfjarðarganga og á síðari hluta ársins var auglýst forval til þátttöku í útboði. Auk þess var lagt rafmagn að fyrirhuguðum gangamunnum í Siglufirði og Ólafsfirði. Samkvæmt skilyrðum í mati á umhverfisáhrifum var verktaka við gangagerðina ekki heimilt að fara með tæki eða búnað í Héðinsfjörð og lét Vegagerðin því hreinsa laust efni frá fyrirhuguðum gangamunnum í Héðinsfirði. 4. áfangi. Samgönguráðherra sprengdi fyrstu formlegu sprenginguna 30.

september 2006. Í árslok 2008 var staða verksins sú að lokið er við sprengingar á leggnum Siglufjörður-Héðinsfjörður sem er 3.640 m. Á leggnum Héðinsfjörður- Ólafsfjörður er lokið við að sprengja 6.089 m af 6.930 m. Samtals er búið að sprengja 9.729 m eða 92% af heildarlengd og eftir eru 841 m. Samfara gangagreftri hefur verið unnið við endanlegar bergstyrkingar í göngum milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og er lokið við að styrkja um 2,4 km af 3,6 km. Einnig hefur verið unnið að byggingu vegskála við gangamunna í Siglufirði og er það verk langt á veg komið og enn fremur hefur verið unnið að byggingu brúar yfir Héðinsfjarðará og er það verk vel á veg komið en eftir er að steypa brúargólfíð. Árið 2008 féll til kostnaður að upphæð 3.397 m.kr.

85 Norðausturvegur, Katastaðir – Krossavík (Hófaskarðsleið). Verkið var nýbygging Norðausturvegar um Hófaskarðsleið. Um er að ræða nýbyggingu á um 31 km löngum kafla. *Kostnaðaráætlun:* 1.560 m.kr.

Verkið var boðið út í maí 2007. Á árinu 2007 var unnið við gerð fyllinga austan Hófa-skarðs og á árinu 2008 var haldið áfram gerð fyllinga á Hólaheiði, ræsagerð og byrjað á brúargerð á Ormarsá. Kostnaður árið 2008 var 367 m.kr.

85 Norðausturvegur, Fremri Háls – Sævarland. Verkið fólst í nýbyggingu Norðausturvegar, frá Fremra Hálsi að Sævarlandi á um 8,3 km löngum kafla.

Verkið var boðið út í maí 2008 og hófust framkvæmdir um miðjan júní. Eftir er að leggja efra burðarlag og klæðingu. Kostnaður árið 2008 var 288 m.kr.

85 Norðausturvegur, Vopnafjörður – Brunahvammsháls. Fyrsti áfangi verksins er nýbygging á 11,2 km löngum kafla frá núverandi slitlagsenda hjá Hólkná að Pyttalæk á Bunguflóa. Kostnaðarmat var 450 m.kr.

Fyrsti áfangi verksins var boðinn út í nóvember 2007 og samið við verktakann í desember. Verktaki lauk að mestu gerð neðra burðarlags á árinu 2008 og eftir er að leggja efra burðarlag og klæðingu 2009. Kostnaður árið 2008 var 316 m.kr.

92 Norðfjarðarvegur, Reyðarfjörður–Eskifjörður. Verkið er fólgið í ný- og endurbbyggingu Norðfjarðarvegur milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Á árunum 2002 til 2006 var unnið að endurbótum á Norðfjarðarvegi gegnum Reyðarfjörð og austur fyrir álver á Mjóeyri. Verkið var unnið í áföngum og felst sá áfangi sem nú er unnið að í nýbyggingu á 5,1 km löngum kafla um Hólmaháls, frá Hólmum að Eskifjarðarbotni. Kostnaðaráætlun var 500 m.kr.

Verkið Norðfjarðarvegur frá Hólmi í Reyðarfirði að botni Eskifjarðar var boðið út í árslok 2007, en framkvæmdir hófust ekki á árinu. Á árinu 2008 var unnið við skeringar og fyllingar. Kostnaður árið 2008 var 155 m.kr.

833 Illugastaðavegur, slitlagsendi – Illugastaðir. Verkið fólst í Nýbyggingu og klæðingu á 9,5 km kafla frá slitlagsenda sunnan Vaglaskógarvegur að Illugastöðum.

Verkið var boðið út í júní en framkvæmdir hófust í ágúst. Eftir er að leggja út efra burðarlag og klæðingu. Kostnaður 2008 var 124 m.kr.

931 Upphéraðsvegur, Fellabær – Ekkjufell, Setberg – Ormarsstaðaá, vegur um Ormarsstaðaá, vegur um Brekkugerðisklif. Verkið fólst í eftirfarandi áföngum:

1. áfangi: Steypt bogaræsi í Ormarsstaðaá í stað einbreiðrar brúar og endurbbygging á 340 m löngum kafla um ræsið.

2. áfangi. Endurbbygging á 1,8 km löngum kafla um Brekkugerðisklif.

3. áfangi. Endurbbygging á 5,1 km löngum kafla frá Setbergi að Ormarsstaðaá.

1. áfanga verksins lauk á árinu 2005. 2. áfanga lauk með klæðingu árið 2006. 3. áfangi boðinn út í nóvember 2007, framkvæmdir hófust ekki á árinu, en var lokið með klæðingu 2008.

Kostnaður árið 2008 var 113 m.kr.